

Gleðileg jól

Starfsfólk Dagskrárinnar færir
lesendum þakkir fyrir samstarfið
á árinu, með ósk um gleðileg jól
og farsældar á nýju ári.



Næsta blað á nýju ári

Dagskráin er komin í
jólafrí. Næsta tölublað
kemur út fimmtudaginn 9.
janúar. Auglýsingar og efni
í það blað þurfa að berast
fyrir hádegi, þriðjudaginn 7.
janúar.

Minum á að fréttavefur-
inn DFS.is verður opinn yfir
hátíðarnar.



Ný verslun Nettó hefur verið opnuð á Selfossi



Föstudaginn 13. desember var ný Nettóverslun opnuð við Eyraveg á Selfossi, í glæsilegu 1.000 fermetra verslunarrými í austurhluta bæjarins. Tilkynnt var um fyrirhugaða opnun fyrr á þessu ári og hefur mikil eftirvænting verið eftir nýju versluninni meðal bæjarbúa.

Búið var við margmenni við opnun verslunarinnar við Eyrarveg á Selfossi klukkan 10 á þessum föstudegi en um er að ræða tuttugustu og aðra verslun Nettó sem eru staðsettar um allt land. Samkaup, eigandi Nettó, tók við rýminu í byrjun árs og hafa framkvæmdir staðið yfir síðan þá, en húsnaðið hýsti áður verslun Húsasmiðjunnar. Verða verslanir Nettó nú tvær

í sitt hvorum enda bæjarins, en Samkaup reka einnig Krambúð á Selfossi.

„Við höfum fundið fyrir mikilli eftirvæntingu íbúa svæðisins eftir opnun verslunarinnar, en hún er töluvert rýmri en sú sem fyrir er í bænum og verður stærsta Nettó-verslunin á öllu Suðurlandi. Það skiptir okkur hjá Samkaupum miklu máli að geta boðið upp á þessa glæsilegu verslun á svæðinu, enda er mikil uppbygging og gróska á Suðurlandi og í Árborg sérstaklega,“ segir Gunnur Líf Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri verslunar- og mannaússviðs hjá Samkaupum.

Verð í Nettó hefur hriðlækkað í ár eftir að verðstefna

verslunarinnar var endurskoðuð og er Nettó nú eina verslana-keðjan þar sem verð hefur verið lækkað heilt yfir á þessu ári, eins og staðfest hefur verið af verðlagseftirliti ASÍ.

„Nettó er lágvörverslun og við vonum því að fólk upplifi nýju verslunina sem mikla búbot, hvort sem um er að ræða heimafólk eða þau sem fara um Selfoss til og frá fjarlægari heimabyggðum. Það er alltaf gott að fá enn betri og stærri Nettó verslun í sitt nágrenni. Þá má ekki gleyma því að viðskiptavinir safna inneign í Samkaupaappinu í hverri verslunarferð, sem gerir innkaupin enn hagstæðari,“ segir Gunnur enn fremur.

Við óskum Sunnlendingum
öllum gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á árinu
sem er að líða.





Gleðilega hátíð & farsælt komandi ár 2024

Kveðja frá starfsfólki Vatnajökulsþjóðgarðs

Vatnajökulsþjóðgarður
National park

unesco
World Heritage site

Gigvatn, Eldgjá
Mynd: Auður Lilja Arnþórsdóttir

Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir

Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

OPNUNARTÍMI FRAM TIL JÓLA

19.-22. desember kl. 11-21
23. desember kl. 11-22
24. desember kl. 10-12

ÞORLÁKSMESSA:
Jólaakakó og smákökur fyrir gesti og gangandi kl. 16-17

ALLAR JÓLABÆKURNAR Á EINUM STAÐ SELFOSSI

Bókakaffið

Sveitarfélagið Árborg selur byggingarrétt á Glaðheimareit

Sveitarfélagið Árborg hefur, Seftir útböð, gert samning við Fagradal ehf. um kaup á byggingarrétti fyrir íbúðarhúsnæði á lóðinni Tryggvagötu 36, svokölluðum „Glaðheimareit.“

Um er að ræða 3.084m² lóð miðsvæðis á Selfossi og er gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði á lóðinni.

Fimm tilboð bárust í lóðina og bauð Fagradalur ehf. hæsta verð, 151.250.000 kr. Framkvæmdaaðili mun nú gera tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðina og leggja fyrir skipulagsnefnd Árborgar áður en framkvæmdir geta hafist. Gera má ráð fyrir að skipulagsferlið taki nokkra mánuði og framkvæmdir geti hafist á lóðinni síðla sumars eða haustið 2025.

„Það er ánægjulegt að trú framkvæmdaaðila á uppbyggingu í Árborg sé eins mikil og



raun ber vitni. Verður síðan spennandi að sjá hugmyndir framkvæmdaaðila fyrir lóðina sem er einstaklega vel staðsett á Selfossi,“ sagði Bragi Bjarnason bæjarstjóri af þessu tilefni.

Það voru Bragi Bjarnason bæjarstjóri Árborgar og Pálmi Pálsson fulltrúi Fagradals ehf. sem skrifuðu undir kaupsamninginn.

Sveitarfélagið Ölfus með jákvæðan rekstur upp á 938 milljónir

Við höfum lækkað fasteignaskattshlutfall um 45% á fimm árum og hyggjum á innviðafjárfestingar upp á 9 milljarða. Framkvæmdir hefjast við nýjan miðbæ, menningarhús, knattspyrnuhús og margt fleira. Þorp er að verða að bæ.

Fimmtudaginn 12. desember var samþykkt fjárhagsáætlun fyrir Sveitarfélagið Ölfus.

Á forsendum þeirrar verðmætasköpunar sem tekist hefur að tryggja á seinustu árum eru nú allar forsendur til að skapa íbúum vaxandi velferð. Rekstur sveitarfélagsins skilar afgangi í bæði samstæðu og A-hluta og stefnt er að innviðafjárfestingum sveitarfélagsins upp á tæplega 4 milljarða á næsta ári, og hátt í 9 milljarða á næstu 4 árum.

Íbúar njóta góðs rekstrars bæði í lægri gjöldum, aukinni þjónustu og sterkari innviðum. Fasteignaskattshlutfall er lækkað í 0,22 og hefur það þar með verið lækkað um 45% á sex árum.

Til grundvallar þessa trausta rekstrars liggur uppgangur atvinnulífsins og ábyrg meðferð almannafrjár. Markmiðið er að gera enn betur og sækja fastar fram á forsendum verðmætasköpunar.

Ráðgert er að rekstrartekjur samstæðu verði 5.797.730 kr. og rekstrargjöld 4.362.750 kr. Þannig verði rekstrarniðurstaða jákvæð sem nemur 938.042 kr. eða rúmlega 16% af heildartekjum. Veltufé frá rekstri er áætlað 1.843.230 kr. Fyrirhugað er að greiða langtímalán niður fyrir 239.980 kr.

Sé litið til A-hluta má sjá að samkvæmt áætlun verða rekstrartekjur 4.948.530 kr. og



rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði 4.019.119 kr. Áætlunin gerir ráð fyrir að A-hluti verði rekin með afgangi upp á rúmlega 704 milljónir.

Áætlunin ber í alla staði með sér að Ölfus er í sókn enda hefur íbúum á árinu fjölgað verulega. Höfuðáhersla er því lögð á að mæta þörfum vaxandi samfélags með áherslu á fræðslu- og fjölskyldumál svo sem með styrkingu félagsþjónustu og framkvæmdum við skóla.

Á komandi ári eru allverulegar fjárfestingar fyrirhugaðar enda verið að breyta þorpi í bæ. Heildareignfærðar fjárfestingar eru áætlaðar 1.900 millj. kr. nettó. Brúttófjárfestingar eru vel á fjórða milljarð. Þannig er áætlað að byggja nýjan leikskóla og koma þar með í veg fyrir biðlista, stækka höfnina, byggja nýjan miðbæ, hefja undirbúning að menningarhúsi og knattspyrnuhúsi svo eitthvað sé nefnt.

Áfram verður haldið með þá stefnu að bjóða upp á hagkvæmar lóðir á kostnaðarverði og þannig reynt að mæta vaxandi húsnæðisþörf án aukaskattlagningar á húsbýggiendur í formi lóðagjalda.

Þegar litið er til næstu fjögurra ára má sjá þann mikla

sóknarhug sem er í samfélaginu í Ölfusi því ráðgert er að nettó fjárfestingarkostnaður verði rúmlega 6 milljarðar og brúttó fjárfesting gæti því vel legið nærri 9 milljörðum.

Samhliða þessum mikilvægu þáttum er áfram allra leiða leitað til að létta álagur á bæjarbúa og styðja við bakið á þeim.

Áfram verður haldið á að bæta innviði og hvergi kvikað frá þeirri stefnu að fjölga íbúum á forsendum trausts atvinnulífs. Framundan eru stærstu atvinnufjárfestingar Íslandssögunnar þar sem m.a. er fyrirhugað að verja 300 til 400 milljörðum í uppbyggingu laxeldis á landi. Þá er unnið að fjölmörgum öðrum nýsköpunarverkefnum bæði í dreifbýli og þéttbýli. Má þar til að mynda nefna: baðlón, gróðurhús, skelrækt, gagnaver, smáþörungaráækt, drykkjarvöruframleiðsla og margt fleira. Til að þjónusta þennan mikla vöxt er unnið að stækun hafnarinnar sem gerir mögulegt að þjónusta skip allt að 200 metra löng í stað þess 130 metra hámarks sem nú er.

Fjárhagsáætlunin nú ber það með sér að trúin á framtíðina sé rík og tækifæri til sóknar. Meðvitund um söguna er þó samhliða reynt af fremsta megni að taka mið af tvisýnum efnahagshorfum samhliða því sem ráðist er í stórar framkvæmdir, mikilvægu viðhaldi sinnt af einu og brugðist við þeim mörgu áskorunum sem fylgja fjölgun íbúa og sterkum vilja til að bæta þjónustu við íbúa.

*Með vinsemi og virðingu
Elliði Vignisson,
bæjarstjóri Ölfuss.*

Ný og glæsileg verslun á Selfossi

Velkomin á Eyraveg

Opnunarhátíð fimmtudaginn
19. desember kl. 15–18.

Jólasveinar, bókakynning, kakó
og piparkökur.

Glæsileg opnunartilboð!

KJÖTSEL

62% afsláttur



Bæonne skinka
999 kr/kg
2.659 kr/kg

KJÖTBORÐ

35% afsláttur



Nauta-ribeye
2.594 kr/kg
3.990 kr/kg

KJÖTBORÐ

36% afsláttur



Lambalæri, kryddað
2.124 kr/kg
3.319 kr/kg

40% afsláttur



Quality Street

Quality Street

Tilboð gilda 19.–22. desember

Opið alla daga frá 8–19
og rýmri opnun fyrir jólin.

nettó



HLÍÐAR skyrta ●●
Íslensk ullarfylling 100gr.
Stærðir S-XXXL
Kr. 25.990.-

ICEWEAR

ICELAND • SINCE 1972



BLACK SHEEP léttur jakki ●●
Íslensk ullarfylling 60gr.
Dömu- og herrasnið
Stærðir XS-XXL
Kr. 34.990.-



BLACK SHEEP heilgalli ●●
Íslensk ullarfylling 60gr.
Stærðir XS-XXL
Kr. 48.990.-



BLACK SHEEP vesti ●●
Íslensk ullarfylling 60gr.
Dömu- og herrasnið
Stærðir XS-XXL
Kr. 26.990.-



BLACK SHEEP stuttbuxur ●●
Íslensk ullarfylling 60gr.
Stærðir S-XXL
Kr. 17.990.-



BLACK SHEEP pils ●●
Íslensk ullarfylling 60gr.
Stærðir XS-XXL
Kr. 19.990.-



BLACK SHEEP léttur jakki ●●
Íslensk ullarfylling 60gr.
Dömu- og herrasnið
Stærðir XS-XXL
Kr. 32.990.-



BLACK SHEEP jakki ●●
Íslensk ullarfylling 60gr.
Dömu- og herrasnið
Stærðir XS-XXL
Kr. 36.990.-



BLACK SHEEP buxur ●●
Íslensk ullarfylling 60gr.
Dömu- og herrasnið
Stærðir XS-XXL
Kr. 25.990.-



KÖTLUJÖKULL síð úlpa ●●
Íslensk ullarfylling 300gr.
Stærðir XS-XXL
Kr. 48.990.-



ÍSLENSK ULLAREINANGRUN



VATNAJÖKULL 3in1 úlpa ●●
Íslensk ullarfylling 400gr.
Dömu- og herrasnið
Stærðir XS-XXL
Kr. 89.990.-



KALDAKVÍSL stutt úlpa ○●●
Íslensk ullarfylling 300gr.
Dömu- og herrasnið
Stærðir XS-XXL
Kr. 44.990.-



KÖTLUJÖKULL úlpa ●●
Íslensk ullarfylling 300gr.
Dömu- og herrasnið
Stærðir XS-XXL
Kr. 37.990.-



FÖNN úlpa ○●●●
Íslensk ullarfylling 60gr.
Stærðir XS-XXL
Kr. 44.990.-



HENGILL buxur ●●
Íslensk ullarfylling 100gr.
Dömu- og herrasnið
Stærðir XS-XXL
Kr. 22.990.-



REYKJANES jakki ●●●●●
Íslensk ullarfylling 200gr.
Dömu- og herrasnið, börn
Stærðir XS-XXL
Kr. 33.990.- / Kr.18.990.-



REYKJAVÍK úlpa ●●●●●
Íslensk ullarfylling 300gr.
Dömu- og herrasnið
Stærðir XS-XXXL
Kr. 47.990.-

Gleðilega hátíð kæru íbúar í Svf. Árborg

Árið 2024 hefur verið viðburðaríkt á marga vegu og allt í einu er desember genginn í garð með tilheyrandi undirbúningi jólahátíðar og áramóta. Lífsreynsla ársins er mikil og þakklæti ofarlega í huga þegar hugsað er til baka og áhuga-verð atvik rifjuð upp. Margt sem við getum glaðst yfir ásamt því að læra af reynslunni og gera betur á næsta ári. Sveitarfélagið Árborg er samfélag sem ég er stoltur að tilheyrja og mun alltaf reyna að gera mitt besta fyrir Árborg okkar allra.

Viðburðaríkt ár

Árborg er þekkt fyrir skemmtilegar sumarhátíðir og fjölbreytt viðburðahald um allt sveitarfélagið sem ásamt leikjum og íþróttamótum settu sinn svip á mannlífið. Íbúar sveitarfélagsins urðu 12 þúsund á árinu og fjöldi verkefna á fagsviðum kom til framkvæmda sem höfðu að markmiði að bæta þjónustu við íbúa. Mætti þar nefna að Leikskólinn Árbær tók upp Hjallastefnuna, sundlaugin á Stokksreyri var endurnýjuð og rafræn þjónusta aukin. Einnig var tekið upp spartannukerfi sem gefur möguleika á færri sorptunnum við heimili og styður við aukna flokkun úrgangs sem gengur vel hjá okkur íbúum. Þetta er aðeins brot af þeim verkefnum sem kjörnir fulltrúar og starfsmenn hafa komið að og vil ég þakka

þeim öllum fyrir ómetanlegt framlag á árinu.

Tækifærin eru til staðar

Breytingar innan bæjarstjórnar urðu í upphafi sumars þegar nýtt meirihlutasamstarf Sjálfstæðisflokksins og Áfram Árborgar hófst. Samstarf flokkanna hefur gengið vel og stefnan verið skýr við áframhaldandi verkefni að sýna ábyrgð í rekstri sveitarfélagsins. Þótt verkefninu sé alls ekki lokið þá var ánægjulegt að kynna fjárhagsáætlun Árborgar 2025-2028 með betri niðurstöðu en áætlað var og geta tilkynnt að álag á útsvar íbúa yrði aðeins þetta eina ár. Leggjum áfram áherslu á að tryggja grunnþjónustu við íbúa á öllum aldri og leitumst við að forgangsraða velferð.

Fjölörg framkvæmdaverkefni eru á döfnni hjá sveitarfélaginu og einkaaðilum á nýju ári sem tryggja vonandi bættu þjónustu, fjölbreytt framboð á íbúðum og sterka innviði. Það er trú á svæðinu okkar, fjölbreytt þjónusta í boði sem ásamt öflugri menningu skapar samfélagið Árborg. Það er síðan undir okkur íbúunum að viðhalda þessum styrk með því að nýta þá afþreyingu og þjónustu sem er í boði.

Raunverulegu verðmætin

Samfélagið er á ógnarhraða og margir hlaðnir verkefnum



tengdum vinnu, áhugamálum og fjölskyldu. Nú þegar jólahátíðin fer að ná hámarki þá hvet ég okkur öll til að gleyma ekki að njóta dagsins í dag. Hátíðin í ár hittir vel á vikudagana almennt og ég vona að flestir nái að njóta sem allra best með sínum nánustu. Þar liggja nefnilega hin raunverulegu verðmæti.

Ég kveð þetta ár með þakklæti efst í huga. Þakklæti fyrir kærleiksrika fjölskyldu, vini og að vera treyst af ykkur íbúum, ásamt þeim frábæra hópi sem skipar bæjarstjórn og nefndir Árborgar, fyrir því að leiða sveitarfélagið okkar áfram. Við erum að vinna fyrir samfélagið og viljum gera það sem allra best. Eg óska íbúum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Njótið jólahátíðarinnar.

*Bragi Bjarnason,
bæjarstjóri og oddviti Sjálfstæðisflokksins í Árborg.*

Perluðu 480 armbönd til styrktar Krafts

Hvolsskóli hélt jafnréttisviku hátíðlega þann 18.-22. nóvember sl. Skólinn var skreyttur í öllum regnbogans litum af nemendafélaginu og var fjölbreytileikinn í heiðri hafður og ýmsar umræður í þeim anda inni í bekkjum.

Bókasafnið bauð upp á mannréttindafræðslu frá Amnesty fyrir 4., 7. og 10. bekk. Samtökin 78 komu með fræðslu inn í 3., 6. og 9. bekk og einnig fékk starfsfólk skólans fyrirlestur frá þeim.

Nemendur og starfsfólk skólans tóku svo þátt í góðgerðarverkefni og perluðu armbönd til stuðnings Krafti, stuðningsfélagi fyrir ungt fólk sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur. Perlað var í tvo klukkutíma og var afraksturinn 480 armbönd. Til aðstoðar voru konur úr Ladies Circle 18 og starfsfólk PwC á Hvolsvelli.



DAGSKRÁIN

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 856 0673, hronn@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Oft menn komast yfir þær, einn í plús er meiðslí. Alltaf þokast annað nær, með eina kappinn býsna fær.

Svar við gátu í blaði 2782: GAUKUR
1. Sumar/sælugaukur



Feykilega góð hörpuskel

Arnar Guðjónsson er matgæðingur vikunnar.

Jæja, ég þakka Kalla fyrir valið. Þetta er í annað sinn sem maður er mættur í þennan lið og fólk líklega alveg komið með nóg af manni.

Ég ætla að henda í forrétt sem ég mæli með um hátíðarnar, hann er nokkuð einfaldur en það þarf að vera forsjá og byrja fyrstu skrefin tímanlega. Þessi réttur er eitthvað sem stórvinnur minn og ein hjartasta von Snæfellsness, Andri Freyr Hafsteinsson, kynnti mig fyrir.

Piklluð sinnepsfræ

3 hlutar edik, 2 hlutar sykurlu og 1 hluti vatn í pott. Þegar suðan kemur upp bæta sinnepsfræum út í og sjóða í 5 mín eða þar til þau hafa tvöfaldast. - Hella svo í krukku og geyma í stofuhita í lágmark sólarhring áður en þau eru borðuð.

Piklluð epli

Skera epli í litla teninga, 2mm x 2 mm, og setja í krukku. Sjóða saman edik, sykurlu og vatn í sömu hlutföllum og hér fyrir ofan og hella yfir eplin. - Geyma í ísskáp í sólarhring.



Ostakex

Feykir er rifinn niður og settur á smjörpappír í litla hauga. Bræddur á 220° í sirka 12 mín á smjörpappír eða þar til gullinbrúnt. Á enda eins og Ritz-kex.

Sósa

Japanskt mæjö í túbu. Þurrkað chilli 2 msk. sojasósa Smá paprikukrydd Minna af cajan.

Allt hráfefnið hrært saman.

Hörpuskel

Léttsteikt á pönnu upp úr smjöri, salt og pipar. Leyfa henni að kólna. Setja svo piklluðu sinnepsfræin og eplin á hörpuskelina og leyfa því að liggja saman í nokkra klst.

Samsetning

Þúslíð þessu saman helst ekki meira en 20 mín áður en þetta er borið fram. Fyrst er sósa sett á kexið, næst sett blanda af sinnepsfræum, eplum og hörpuskel á kexið. Má svo skreyta með annaðhvort capers eða steinseljú.

Ég ætla svo að skora á annan innflytjanda á Suðurlandið en það er landsliðsfyrirliðinn okkar í körfubolta, hann Ægir Þór Steinarsson.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Við prentum ljósmyndir honnun.prentmetoddi.is

Pantað ljósmyndaprentun í öllum algengustu ljósmyndastæðunum.



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

SENDU HVERT Á LAND SEM ER





ORKURANNSÓKNASJÓÐUR

Deilum við framtíðarsýn?

Við hjá Landsvirkjun eigum okkur framtíðarsýn um sjálfbæran heim, knúinn endurnýjanlegri orku. Við viljum vera stolt af þeirri jörð sem við afhendum komandi kynslóðum. Þessi framtíðarsýn verður að veruleika ef við leggjum öll hönd á plóg. Rannsóknarverkefni sem tengjast orku- og umhverfismálum geta skipt þar sköpum.

Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar auglýsir eftir umsóknum um styrki til rannsókna á sviði umhverfis- og orkumála, þar með eru taldar rannsóknir á sviði umhverfisáhrifa, orkuskipta og loftslagsmála.

Umsóknarfrestur er út mánudaginn 13. janúar 2025.

Allar nánari upplýsingar og umsóknareyðublað er að finna á vefsíðunni landsvirkjun.is/orkurannsoknasjodur

Fullt hús á jólatónleikum SLYSH

Hljómsveitin SLYSH hélt sína fyrstu jólatónleika 12. desember sl. í leikhúsinu í Hveragerði. Troðfullt hús var af gestum. Allur ágóði tónleikanna rennur til Sjóðsins góða en hljómsveitin safnaði samtals 430 þúsund krónum með

miðasölu og styrkjum frá fyrir-tækjum.

Hljómsveitin tók klassísk jólalög sem flestir þekkja auk þess að taka eigin lög. Þeir fengu með sér góða gesti ásamt því að nokkrir hljóðfæraleikarar hljómsveitarinnar tóku í míkrafóninn.

Jónas Sigurðsson tók með þeim lagið Hafíð er svart. Stefán Gunngeir, trommuleikari hljómsveitarinnar, söng lagið Jólin eru okkar ásamt systur sinni, Sigríðu Ólöfu og gítarleikararnir Björgvin Svan og Eyvindur Sveinn tóku saman lagið Fyrir

gefðu að ég rotaði þig um jólin. Ekki var eingöngu boðið upp á söngatriði því Hallgrímur Daðason steig á stökk með uppistand sem féll vel í kramið hjá gestum. Gísli Freyr, aðalsöngvari hljómsveitarinnar, sá svo um rest og hélt uppi stemningunni með

flottri sviðsframkomu, söng og skemmtilegum innslögum.

Tónleikarnir voru mjög vel heppnaðir og stefnir hljómsveitin á að halda þá aftur að ári.

EHH



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlanar:

1. Bergsstaðir lóð 2 L200941; Úr sumarrúsalóð í verslunar- og þjónustulóð;

Aðalskipulagsbreyting - 2412011

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir á fundi sínum 11. desember skipulagslýsingu til kynningar sem tekur til Bergsstaða lóð 2 L200941 sem er hluti af frístundabyggðinni Bergsstaðir (F84). Með breytingunni er lóðinni breytt í verslunar- og þjónustuvæði þar sem landeigendur áforma að bjóða upp á gistiþjónustu. Heildarstærð frístundabyggðarinnar (F84) er 55 ha sem minnkar sem nemur lóðarstærðinni og lóðin skilgreind sem nýtt verslunar- og þjónustuvæði. Skipulagsvæði/lóðin er skráð 12.400 m² og á henni stendur 65 m² sumarrúsalóð.

2. Minna-Mosfell L168262; Breytt landnotkun; Náma; Aðalskipulagsbreyting - 2410017

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkir á fundi sínum 11. desember tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps er varðar svæði innan lands Minna-Mosfells L168262. Með breytingunni er efnistökusvæði innan lands Minna-Mosfells skilgreint.

3. Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps; Skilmálabreyting; Skógrækt og frístundabyggð; Aðalskipulagsbreyting - 2408047

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkir á fundi sínum 11. desember tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps í sveitarfélaginu auk þess sem skilmálum er varðar nýtingarhlutfall og uppbyggingu á frístundasvæðum er breytt. Markmið breytingarinnar er varðar skógrækt er að gera ítarlegri skilmála og kröfur til umsókna vegna skógræktaráforma til að hafa bæði betri yfirsýn og stjórn á skógrækt, sem og skapa betra verkfæri til að takast á við og halda utan um skógræktaráform innan sveitarfélagsins til framtíðar. Breyting sem tekur til almennra skilmála er varðar hámarksnýtingarhlutfall innan frístundasvæða eru til þess fallnar að rýmka nýtingarhlutfallsheimildir frístundasvæða þar sem aðstæður leyfa.

4. Böðmóðsstaðir; Bjarkarhöfði L167731; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting - 2405092

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir á fundi sínum 11. desember tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Bláskógabyggðar er varðar land Bjarkarhöfða. Í breytingunni felst að frístundasvæði breytist í landbúnaðarsvæði í takt við skráningu landsins í lögbýlaskrá.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:

5. Minna-Mosfell L168262; Efnistökusvæði og landbúnaðarlóðir; Deiliskipulag - 2412016

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkir á fundi sínum 11. desember tillögu nýs deiliskipulags til kynningar sem tekur til svæðis innan lands Minna-Mosfells L168262 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í deiliskipulaginu felst skilgreining heimilda fyrir uppbyggingu á tveimur landbúnaðarlóðum auk þess efnistökusvæði er skilgreint í samræmi við breytingu á aðalskipulagi sem er í ferli.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:

6. Brúnavegur 4 L168343 í landi Ásgarðs; Gisting flokkur I og II; Deiliskipulagsbreyting - 2412006

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkir á fundi sínum 11. desember að auglýsa breytingu á skilmálum deiliskipulags sem tekur til frístundabyggðar í landi Ásgarðs. Í breytingunni felst að heimilt verði að stunda rekstrarleyfisskylda útleigu í flokki II innan svæðisins.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi mála:

7. Álftavík L169078 og Miðengi lóð 17a L199066; Breytt landnotkun til fyrra horfs;

Aðalskipulagsbreyting - 2412012

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkir á fundi sínum 11. desember viðkomandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Við endurskoðun aðalskipulags árið 2022 voru lóðirnar Álftavík L169078 og Miðengi lóð 17a L199066 ranglega felldar inn í frístundabyggðina Öndverðarnes 2 - Selvík (F30). Með aðalskipulagsbreytingu þessari er landnotkun lóðanna breytt til fyrra horfs í samræmi við deiliskipulag. Lóð 19 er tekin með í breytingunni þar sem lóðin er ekki með skilgreindan byggingarreit enda telst hún óbyggileg vegna nálægðar við Álftavatn og Þingvallarveg. Niðurstaða sveitarstjórnar tilkynnast hér með.

8. Reykjalandur L168273; Frístundabyggð í landbúnaðarsvæði; Óveruleg breyting á aðalskipulagi - 2411080

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkir á fundi sínum 11. desember viðkomandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem tekur til lands Reykjalandur L168273. Í breytingunni felst breytt skilgreining fláka sem tekur til frístundasvæðis F87. Niðurstaða sveitarstjórnar tilkynnast hér með.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna www.blaskogabyggd.is og www.gogg.is.

Mál 1 - 5 innan auglýsingar eru mál í kynningu frá 19.12.2024 með athugasemdafresti til og með 10.1.2025.

Mál 6 innan auglýsingar er mál í auglýsingu frá 19.12.2024 með athugasemdafrest til og með 31.1.2025.

Mál 7 - 8 er tilkynning um niðurstöðu sveitarstjórnar vegna óverulegrar aðalskipulagsbreytingar.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is.

Fyrirspurnir má senda á netfang [UTU skipulag@utu.is](mailto:skipulag@utu.is).

Vígús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita



Hátíðarstraumar um allt land

Starfsfólk RARIK óskar viðskiptavinum, samstarfsaðilum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og gæfu á nýju ári. Við strengjum þess heit að verða áfram traust undirstaða orkuskipta framtíðarinnar.

Gleðilega hátíð

Æfði á sama stað og Messi og Maradona

Hvergerðingurinn Brynjar Óðinn Atlason er ungur og efnilegur fótboltamaður. Hann hefur spilað fyrir bæði U15 og U16 landslið Íslands ásamt því að spila með meistaraflokki Hamars þrátt fyrir að vera aðeins 15 ára. Hann er nýlega kominn heim frá Argentínu þar sem hann fékk að æfa fótbolta í tvo mánuði.

Hugmyndin kom upp í heita pottinum

Eins og áður sagði hefur Brynjar verið að spila með meistaraflokki Hamars í fótbolta. Með honum í liðinu voru tveir menn frá Argentínu, Guido Rancez og Rolí Depetris. Guido hafði oft talað um hvað Brynjar væri efnilegur í íþróttinni og þegar þeir voru saman í heita pottinum í sundlauginni í Hveragerði einn daginn kom til tals að Brynjar færi út til Argentínu að spila. „Brynjar kemur einhvern tím-



Brynjar og Guido í Argentínu.

ann heim og þá eru þeir búnir að vera að spjalla í heita pottinum um þetta,” segir Berglind, móðir Brynjars.

Í kjölfarið var ákveðið að láta verða af þessu. Brynjar fór út til Argentínu ásamt Guido 13. október og var þar til 9. desember.

Allt samfélagið tók Brynjar inn

Brynjar bjó hjá fjölskyldu Guído í San Justo meðan hann var úti og var tekið mjög vel á móti honum. Þegar Brynjar kom til San Justo var fjölskylda Guído búin að búa til borða með nafninu hans þar sem hann var boðinn velkominn.

„San Justo er mjög lítill bær en það búa samt um 30 þúsund manns þar. Þannig að á okkar mælikvarða er þetta mjög stórt. Einhvern veginn allt samfélagið tekur hann inn þegar hann kemur og hann verður einn af samfélaginu strax, bæði borginni og íþróttafélaginu. Þetta virðist vera svo lítið samfélag. Foreldrar hans Guido voru líka ofboðslega góð við hann,” segir Berglind.

Brynjar fékk að einbeita sér alveg að æfingum meðan hann var úti og einkenndust dagarnir hans af því.

„Það var bara vaknað og ég fékk mér morgunmat. Svo fór ég að læra aðeins eða fór út að halda á lofti. Það var hádegismatur og æfing klukkan eitt. Svo vorum við bara að fara í ræktina eða pilates. Það var eiginlega bara prógram alla daga,” segir Brynjar.

Æfði með þremur liðum

Brynjar æfði með meistaraflokki Colon De San Justo sem er í 4. deild í Argentínu en hann mátti ekki spila með þeim sökum ungs aldurs. Hann fór líka á æfingar með tveimur 1. deildar liðum. Annað hét Union De Santa Fe og hitt Newell's Old Boys de Rosario, en það er stundum kallað Messi's Club. Þar hafa t.a.m. Lionel Messi og Diego Armando Maradona spilað.

Langar að hjálpa til að láta drauminn rætast

Brynjar reyndi eins og hann gat að sinna náminu á meðan hann var úti og segist hafa verið á áætlun þegar hann kom heim. Berglind segist vera mjög stolt af Brynjari.

„Ég hefði ekki leyft þetta nema af því ég hef trú á honum. Ég veit að hann er góður námsmaður og ég veit hvað hann er efnilegur. Ég veit hvað hann langar þannig að ég vil bara hjálpa honum að láta hans drauma rætast.“ Hún segir að hann sé eini Íslendingurinn sem hafi æft og spilað í Argentínu. „Það eitt og sér er bara eitthvað svo frábært,” tekur hún stolt fram.

Brynjar segir það vera mjög þroskandi og góða reynslu að fara svona út. „Þetta er allt öðruvísi menning og öðruvísi

fótbolti en ég er vanur, hann er miklu grófari.“

Hápunkturinn að kynnst nýrri menningu og nýju fólki

Ásamt því að spila fótbolta sótti Brynjar spænskutíma tvisvar í viku. „Ég er ekki nógu sleipur í spænskunni en þetta kemur. Ég fór í kennslu tvisvar sinnum í viku og það gekk bara mjög vel en svo held ég að ég hafi lært mest af strákunum og Duolingo,” tekur hann fram.

Brynjar fór í eitt útvarpsviðtal í Argentínu með Guido þar sem hann skildi lítið en segir reynsluna hafa verið skemmtilega. Enginn nema Guido kunnist ensku og segir Brynjar að það hafi því verið mjög gott að koma heim og tala íslensku.

Þrátt fyrir samskiptaörðugleika eignaðist Brynjar fullt af nýjum vinum í Argentínu. Hann segir hápunkt ferðarinnar hafa verið að kynnst nýrri menningu og nýju fólki. „Það eru toppmenn í þessu liði þarna og góður karakter í því.“

Hann segist ekki endilega vilja fara til Argentínu aftur þar sem ferðalagið sé mjög langt. Hann þurfti fyrst að fljúga í þrjá klukkutíma til Amsterdam og þaðan í 13 tíma flug til Buenos Aires. Eftir það tók svo við 7 tíma keyrsla til San Justo.

Brynjar segir drauminn vera að gerast atvinnamaður í Evrópu. Hann stefnir á að vera aftur í landsliðshóp fyrir komandi landsliðsverkefni U16 ára liðsins og langtímadraumurinn er að komast í A-landslið Íslands. „Hann er alveg með getuna í það. Guido skrifaði til mín um daginn: „Ég veit það og er búinn að sjá það að hann fer þangað sem hann ætlar sér,” segir Berglind að lokum. *EHH*



GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Í NÝBYGGINGU Í AUSTURHÓLUM 4

Ivera íbúðafélag er með til leigu glæsilegar íbúðir í nýbyggingu í Austurhólum 4 á Selfossi.

Íbúðirnar eru sérlega glæsilegar, vel skipulagða 3ja og 4ra herbergja.

Gardínur, ljós, uppþvottavél, ísskápur fylgja öllum íbúðum.

Fjöldi bílastæði er við húsið sem eru sameiginleg og rafbílahleðslukerfi hefur verið sett upp.

Austurhólar er í vel staðsettu hverfi og stutt er í þjónustu, leik,- og grunnskóla, íþrótt og útivistarsvæði.

SÆKJA UM ÍBÚÐ

Hægt er að sækja um íbúðir og fá frekari upplýsingar um eignirnar á ivera@ivera.is eða í síma 517 3440.



Það var tekið mjög vel á móti Brynjari þegar hann kom.



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Þegar mest á reynir...



Njótum hátíðanna áhyggjulaus.

Vinsælustu jólabækurnar og kakó á Þorláksmessu

Síðdegis á Þorláksmessu verður boðið upp á heitt kakó og smákökur í Bókakaffinu á Selfossi en þá er hápunktur jólavertíðarinnar eins og alþjóð veit.

Jólaframlag hefur annars gengið vel til þessa en það hefur jafnan verið keppikefli Bókakaffisins að hafa gott úrval af bókum fremur en einblína á metsölulista. Nokkrar bækur eru þó vinsælli en aðrar og eru Ferðalok eftir Arnald Indriðason hvað vinsælust í flokki fagurbókmennta. Glæpasagnadrottningin Yrsa Sigurðardóttir er með bókina Ég man þig og er sú bók vinsælust í flokki glæpasagna. Í barnabókadeildinni er margt spennandi og þar hefur bókina Tjörnin eftir Rán Flygenring slegið í gegn og er hún núna uppseld hjá útgefanda. Bók Sævars Helga Bragasonar og Elíasar Túnars, með þeim geðþekka titli, Kúkur, piss og prump, hefur líka verið mjög vinsæl. Þá eru bækur Þórarins Eldjárns Hluta-



veikin og Dótarímur vinsælar í jólapakkann. Í flokki fræðibóka hefur verið vinsælust Búverk og breyttir tímar eftir Bjarna Guðmundsson og er bókina við það að seljast upp hjá útgefanda. Í ljóðabókum má nefna Jarðljós eftir Gerði Kristnýju og Undir eplatrénu Olav H. Hauge í þýðingu Gyrðis Eliassonar.

Þess má geta að í Bókakaffinu fást svo ekki einungis bækur heldur líka vinylplötur, gömul Íslandskort og púsl. Vinsælasta vinylplata ársins er Bewitched með Laufeyju.

Krafa um varanlegt varaafli í Vík og tafarlausa stefnumótun til framtíðar

Þegar þetta er ritað þá hefur verið rafmagnslostin í 12 klukkustundir í Mýrdalshreppi. Taldar eru líkur á að bilun hafi orðið vegna mikilla vatnavaxta í Skógá.

Þetta er í annað skiptið sem íbúar, fyrirtæki og ferðamenn hafa þurft að þola langvarandi rafmagnsleysi á svæðinu á stuttum tíma. Í byrjun september varð samskonar bilun við Jökulsá til þess að rafmagn fór af svæðinu í langan tíma.

Þrátt fyrir fögur fyrirheit RARIK í langan tíma um að verið sé að koma upp varaafli í Vík sem geti tekið við þegar svona atburðir gerast þá hefur það engu skilað. Viðbragð RARIK og Landsnets tekur langan tíma og á meðan þarf að skerða skólustarf, fyrirtæki verða fyrir umfangsmiklu fjárhagstjóni og allir þeir ferðamenn sem eru á

svæðinu geta ekki sótt sér þá þjónustu sem þeir þurfa.

Eðlilega þá er ekki hægt að kenna opinberum stofnunum um náttúruhamfarir eða slæm veður. Það er hins vegar fullkomlega eðlileg krafa okkar sem reidum okkur á þjónustu þeirra að þeir taki mið af aðstæðum hér á svæðinu og geri sitt besta til þess að tryggja eins vel og hægt er að bregðast megi við þegar slíkir atburðir verða.

Arum saman hefur sveitarfélagið bent á að ástandið sé óviðunandi og að kerfið annað ekki þeirri uppbyggingu sem hér hefur orðið. Svæðið reidur sig alfarið á rafmagn til kyndingar húsa þannig að fyrir utan öll þau óþægindi og óöryggi sem fylgir rafmagnsleysi þá verður mjög fljótt kalt í öllum húsum. Þrátt fyrir ítrekuð áköll um að gert sé ráð fyrir varaafli

á fjarskiptasenda þá er staðan ennþá sú að þeir detta út og öll fjarskipti liggja því niðri á stóru svæði. Starfsemi hjúkrunarheimilis og heilsugæslu, sem er beinlínis lífsnauðsynlegt að halda úti, hefur að sama skapi þurft búa við rafmagnsleysi og þannig hefur öryggi allra sem reida sig á hana verið alvarlega ógnað.

Með þessu erindi er krafist að RARIK og Landsnet tryggi varanlegt varaafli fyrir svæðið þar til lokið hefur verið við nauðsynlegar úrbætur á dreifikerfinu. Til viðbótar þá er þess krafist að nú þegar fari af stað stefnumótun um úrbætur á dreifikerfinu fyrir svæðið til þess að tryggja að hægt sé að halda úti eðlilegri starfsemi.

Með aðgerðarleysi sýna RARIK og Landsnet vítavert skeytingarleysi gagnvart öryggi samfélagsins og eðlilegum lífsgæðum á 21. öldinni. Í framhaldinu verður óskað eftir fundi með fulltrúum beggja fyrirtækja og sveitarstjórn Mýrdalshrepps til að ræða stöðuna og framtíðarlausnir.

*Virðingarfyllst,
F.h. sveitarstjórnar Mýrdalshrepps,
Einar Freyr Elnarson,
sveitarstjóri Mýrdalshrepps.*



AUGLÝST EFTIR UMSÓKNUM UM STYRKI FRÁ SELFOSSEVEITUM BS. VEGNA VARMADÆLNA

Selfossveitur bs. áforma að veita styrki til eigenda og íbúa fasteigna með fasta búsetu í Sveitarfélaginu Árborg í því skyni að setja upp varmadælar.

Markmiðið er að draga úr notkun raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis með fasta búsetu (lögheimili) á þeim svæðum sem dreifikerfi hitaveitu Selfossveitna nær ekki til.

Fjárframlag til úthlutunar er í samræmi við fjárhagsáætlun Selfossveitna bs. vegna ársins 2025 eða allt að 800.000 kr. fyrir hvern umsækjanda, íbúðarhúsnæði, sem samþykkt er. Ekki verða veittir fleiri styrkir en fimm ár hvert. Ef heildarfjárhæð umsókna reynist hærri en styrkur til úthlutunar skv. fjárhagsáætlun verður dregið á milli gildra umsókna.

Miðað er við að umsækjandi skili inn til Selfossveitna, Austurvegi 67, undirritaðri umsókn um styrk og geri í umsókninni grein fyrir hvaða framkvæmd stefnt er að, áætluðum orkusparnaði, hvaða áhrif framkvæmdin hefur á umhverfið og áætlaðan kostnað.

Umsóknir skulu berast eigi síðar en 3. janúar 2025. Einungis eru teknar til greina umsóknir sem berast innan tilskilins frests og uppfylla þær kröfur sem reglur Selfossveitna bs. kveða á um.

Nánari upplýsingar og úthlutunarreglur má finna á vef Sveitarfélagsins Árborgar, www.arborg.is. Jafnframt má senda fyrirspurnir á netfangið sigurdur@arborg.is.

Undirbúa sig fyrir svarta beltið í Taekwondo

Innan öflugs starfs Taekwondo-deildar Selfoss eru nú sjö iðkendur að undirbúa sig fyrir að þreyta próf fyrir svart belti sem telst til 1. Dan í Taekwondo, einn iðkandi frá Taekwondo-deild Hellu og einn iðkandi þreytir próf fyrir 2. Dan. Beltagráðanir í taekwondo eru til að prófa kunnáttu og getu nemenda og nær einnig til tækni og viðhorfs. Það er ekki nóg að geta gert tæknina með lágmarksfyrirhöfn, heldur þarf líka að sýna aga, ákveðni og hjálpssemi.

Prófið, sem fer fram laugardaginn 21. desember næstkomandi á Selfossi, er stór áfangi fyrir krakkana og hafa þau lagt mikið á sig til að ná þessum árangri. Þetta er beltapróf sem krefst mikillar reynslu, æfinga, þjálfunar og aga svo fátt eitt sé nefnt. Það sem er líka áhugavert er að þeir yngstu sem eru að taka prófið eru ekki nema 13 ára og elsti iðkandinn er 18 ára. Krakkarnir hafa flestir æft taekwondo frá barnaldri, hafa sýnt mikla elju og metnað á æfingum, eru góðar fyrirmyndir og hafa tekið virkan þátt í þjálfun yngri iðkenda innan deildarinnar.

Taekwondo sem er kóresk bardagalist, er byggð á aldagamalli sjálfsvarnarlist sem Kóreubúar fundu upp fyrir um tvö þúsund árum. Í dag er taekwondo íþrótt þar sem keppt er



Aftari röð: Katla Mist, Viktoría Björg, Þórunn, Dagný María. Fremri röð: Veigar Elli, Loftur, Ingibjörg Laufey, Úlfur Darri. Á myndina vantar Juliu Wiktoriu Sakowicz (Tkd Hellu).

í poomse (form), kyourgi (bardagi) og kykopa (brot).

Krakkarnir stefna á æfingabúðir í Kóreu næstkomandi vor

og verður það mikið ævintýri fyrir þau að heimsækja upprunaland íþróttarinnar sem þau stunda og hafa ástríðu fyrir.

OPNUNARTÍMAR UM HÁTÍÐARNAR

Vínbúðin Selfossi

Föstudagur	20. desember	11-19
Laugardagur	21. desember	11-18
Sunnudagur	22. desember	Lokað
Mánudagur	23. desember	11-20
Þriðjudagur	24. desember	10-13
Miðvikudagur	25. desember	Lokað
Fimmtudagur	26. desember	Lokað
Föstudagur	27. desember	11-19
Laugardagur	28. desember	11-18
Sunnudagur	29. desember	Lokað
Mánudagur	30. desember	11-20
Þriðjudagur	31. desember	10-14
Miðvikudagur	1. janúar	Lokað
Fimmtudagur	2. janúar	11-18

Vínbúðirnar Vík og Þorlákshöfn

Föstudagur	20. desember	13-19
Laugardagur	21. desember	12-14
Sunnudagur	22. desember	Lokað
Mánudagur	23. desember	13-19
Þriðjudagur	24. desember	11-13
Miðvikudagur	25. desember	Lokað
Fimmtudagur	26. desember	Lokað
Föstudagur	27. desember	13-19
Laugardagur	28. desember	12-14
Sunnudagur	29. desember	Lokað
Mánudagur	30. desember	13-19
Þriðjudagur	31. desember	11-13
Miðvikudagur	1. janúar	Lokað
Fimmtudagur	2. janúar	14-18

Vínbúðin Kirkjubæjarklaustri

Föstudagur	20. desember	14-18
Laugardagur	21. desember	12-14
Sunnudagur	22. desember	Lokað
Mánudagur	23. desember	14-18
Þriðjudagur	24. desember	11-13
Miðvikudagur	25. desember	Lokað
Fimmtudagur	26. desember	Lokað
Föstudagur	27. desember	14-18
Laugardagur	28. desember	12-14
Sunnudagur	29. desember	Lokað
Mánudagur	30. desember	14-18
Þriðjudagur	31. desember	11-13
Miðvikudagur	1. janúar	Lokað
Fimmtudagur	2. janúar	14-18

Vínbúðirnar Flúðum, Helli, Hveragerði og Hvolsvelli

Föstudagur	20. desember	11-19
Laugardagur	21. desember	11-16
Sunnudagur	22. desember	Lokað
Mánudagur	23. desember	11-19
Þriðjudagur	24. desember	11-13
Miðvikudagur	25. desember	Lokað
Fimmtudagur	26. desember	Lokað
Föstudagur	27. desember	11-19
Laugardagur	28. desember	11-16
Sunnudagur	29. desember	Lokað
Mánudagur	30. desember	11-19
Þriðjudagur	31. desember	11-13
Miðvikudagur	1. janúar	Lokað
Fimmtudagur	2. janúar	11-18

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á vinbudin.is

Við minnum á að áfengiskaupaaldurinn á Íslandi er 20 ár og biðjum fólk að hafa skilríki meðferðis.



FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14
Opið hús

Priðjud. kl. 14-16
Unga fólk 18 til 45 ára

Miðvikudaga kl. 11-14
Opið hús

Fimmtudaga kl. 11-14
Upprekjur

Föstudaga kl. 11-14
Opið hús

Hægt er að panta viðtöl í annan tíma ef þessir tíma henta ekki.

Allir viðburðir auglýstir á Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á aðfangadag og gamlársdagi kl. 12:00, Hrísholti 8. Nýliðafundir falla niður en nýliðar eru velkomnir á Al-Anon fund.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Prið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Dáleiðsla
Heilsa

Dáleiðsla til að finna rót vandamála líkamlegra sem andlegra.

Dáleiðsla til skemmtunar m.a. til að sjá líðna atburði og jafvel fyrri lífi! - Hvar varst þú í fyrri lífi?

Einkatímar, en einnig er hægt að bóka fyrir hópa í heimahúsum.

Einnig augnlestur, heilsuráðgjöf, nudd og svæðanudd.

Bókanir á

heilsulindheidars@simnet.is
eða í síma 898 1501 (SMS)

Heiðar Ragnarsson

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn með-
höndlun



Jákvæðar
hugsanir
breyta deginum



Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í íþróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsunuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.



Stórkostleg sýning fimleikadeildar Selfoss

Jólasýning fimleikadeildar Selfoss var haldin laugardaginn 14. desember. Þemað að þessu sinni var teiknimyndin

Inside Out. Sýningin var mjög vel sótt og heppnaðist einstaklega vel.

Líkt og undanfarin ár sá Inga

Heiða Heimisdóttir um að festa sýninguna á filmu. Fleiri myndir frá sýningunni má finna inni á dfs.is.

KIRKJA

Kotstrandarkirkja

Aðfangadagur: Helgistund kl. 13. Pétur Nói Stefánsson og Guðný Alma Haraldsdóttir flytja tónlist. Skátar koma með friðarlogann frá Betlehem. Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar.

Jóladagur: Hátiðarguðsþjónusta kl. 14. Hátiðarsöngvar sungnir. Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar, organisti Miklós Dalmay, Kirkjukór Hveragerðis - og Kotstrandarsóknna.

Hveragerðiskirkja

Aðfangadagur: Aftansöngur kl. 18. Hátiðarsöngvar sungnir. Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar, organisti Miklós Dalmay, Kirkjukór Hveragerðis - og Kotstrandarsóknna.

Gamlársdagur: Aftansöngur kl. 17. Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar, organisti Miklós Dalmay, Kirkjukór Hveragerðis - og Kotstrandarsóknna.

Skálholtsdómkirkja

Við minnumst Þorláks helga, verndardýrlings Íslands, í guðsþjónustu sunnudaginn 22. desember kl 11, en minningardagur hans er á Þorláksmessu. Hátiðleg stund í umsjón sóknarprests, vígslubiskups og organista sem hefst í dómkirkjunni og færist út í Þorlákshöfn. Sérstakur gestur er Eyjólfur Eyjólfsson, flautu- og langspilsleikari sem leggur okkur lið. Ath. við mætum með heita drykki á hitabrusum svo við getum hressst okkur eftir messu. Innilega velkomin!

Aðventu- og jólaguðsþjónusta í Búrfellskirkju kl. 14, við heyrum um boðskap jóla og syngjum okkar ástsælu jólasálm. Innilega velkomin!

Selfosskirkja

Helgstund í Selfosskirkju sunnudaginn 22. desember kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Edít A. Molnár, prestur Gunnar Jóhannesson. Sunnudagaskóli á sama tíma, umsjón Sjöfn ásamt leiðtogum.

24. desember. Aftansöngur í Selfosskirkju kl. 18:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Edít A. Molnár, prestur Ása Björk Ólafsdóttir.

Miðnæturguðsþjónusta í Selfosskirkju á kl. 23:30. Kirkjukórinn syngur, organisti Edít A. Molnár, prestur Gunnar Jóhannesson. Trompetleikur Jóhann I. Stefánsson.

31. desember. Aftansöngur í Selfosskirkju kl. 17:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Edít A. Molnár, prestur Ása Björk Ólafsdóttir.

Móberg

Helgistund á Móbergi sunnudaginn 22. desember kl. 17:00. Söngkór Hraungerðis- og Villingaholtssókn syngur, organisti Guðmundur Eiríksson, prestur Gunnar Jóhannesson.

Stokkseyrarkirkja

Aftansöngur í Stokkseyrarkirkju á aðfangadag 24. desember kl. 18:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Haukur Arnarr Gíslason, prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Eyrarbakakirkja

Miðnæturguðsþjónusta í Eyrarbakakirkju á aðfangadag 24. des. kl. 23:30. Kammerkór Eyrarbakakirkju syngur, organisti Pétur Nói Stefánsson, prestur Axel Árnason Njarðvík.

Hraungerðiskirkja

Hátiðarguðsþjónusta í Hraungerðiskirkju á jóladag 25. desember kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Guðmundur Eiríksson, prestur Gunnar Jóhannesson.

Gaulverjabæjarkirkja

Hátiðarguðsþjónusta í Gaulverjabæjarkirkju á jóladag 25. desember kl. 14:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Haukur Arnarr Gíslason, prestur Gunnar Jóhannesson.

Villingaholtiskirkja

Hátiðarguðsþjónusta í Villingaholtiskirkju á jóladag 26. desember kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Guðmundur Eiríksson, prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Laugardælakirkja

Hátiðarguðsþjónusta í Laugardælakirkju á jóladag 26. desember kl. 13:00. Almennur safnaðarsöngur, organisti Guðmundur Eiríksson, prestur Guðbjörg Arnardóttir.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

Frá Selfossi til Burkina Faso: Nytjamarkaðurinn sem breytir lífum

Nytjamarkaðurinn á Selfossi hefur verið hornsteinn í sunnlensku samfélagi í 16 ár. Hann var stofnaður af Hvítasunnukirkjunni 1. desember 2008. Hugmyndin var upphaflega að hafa hann bara opinn í desember það ár til að styrkja þau sem erfitt áttu eftir hrúnið en sú varð sannarlega ekki raunin. Hann hefur haldist opinn öll þessi ár og styrkt mörg verðug málefni.

Væri ekki hægt án sjálfbóðaliða

Selfyssingurinn Aron Hinriksson var forstöðumaður Hvítasunnukirkjunnar þegar Nytjamarkaðurinn opnaði. Hann segir alltaf nóg að gera þar. „Flesta daga koma einhver hundruð viðskiptavina. Það eru meira og minna allan daginn fullt af bílum fyrir utan.“

Hann segir það gera mikið fyrir samfélagið að hafa svona markað. „Fólk getur losað sig við hluti með góðri samvisku. Það finnst öllum leiðinlegt að þurfa að henda einhverju sem því þykir vænt um eða bara verðmætum yfir höfuð. Fólk kemur og gefur þeim nýtt líf hjá okkur sem er bara frábært.“

Stór hluti starfsmanna markaðarins vinnur í sjálfbóðavinnu. „Hjá okkur er fólk stöðugt allan daginn að flokka vörur og verðmerkja og setja í hillur og svona. Það kemur mjög mikið inn af vörum og sem betur fer fer mikið út líka. En það þarf öflugan her af sjálfbóðaliðum og starfsmönnum til þess að þetta gangi upp. Við erum með nokkrar ráðnar stöður en án sjálfbóðaliða væri þetta ekki hægt. Það eru svona kjarnastöður sem við ráðum í.“

Styrkja verkefni í Burkina Faso

Hagnaður af markaðnum er gefinn í góðgerðamál. Á þessu ári hefur hann meðal annars styrkt Sjóðinn góða, Gleym mér ei, Sorgarmiðstöðina, TC Ísland, Bergið headspace, Kaffistöfu Samhjalpar, Hlaðgerðarkot og Pietasamtökin og fleira. Í ár er algengt að félög séu styrkt um 500 þúsund til milljón krónur.

Ásamt íslenskum samtökum hefur Nytjamarkaðurinn styrkt skólaverkefni í Burkina Faso sem var stofnaður og byggður upp af foreldrum Arons og þar eru nú um 1270 nemendur. Eitt af verkefnum sem Nytjamarkaðurinn hefur styrkt þar er forskóli fyrir börn á aldrinum fjögurra til fimm ára. Um 100 börn eru í forskólanum. Markmið hans er að undirbúa börn fyrir skólagöngu í frönskumælandi skóla.

„Burkina Faso er ættbálkasamfélag í grunninn og þar eru töluð yfir 70 tungumál. Síðan koma Frakkar inn og eru nýlenduherrar um tíma og innleiða frönsku sem aðal tungumál landsins. Þannig að flestir skólar kenna á frönsku. Það er



Félagarnir saman í Burkina Faso í nóvember.

ekki þar með sagt að börnin læri frönsku heima hjá sér, þau tala kannski allt annað tungumál. Þá er svo erfitt fyrir þau að koma í 6 ára bekk og mæta og vita ekkert hvað er í gangi. Þau voru að lenda í því að börn sátu eftir í bekk af því þau náðu ekki námsefninu, sem er svo leiðinlegt. Þess vegna var ákveðið að stofna þennan forskóla til þess að kenna þeim frönsku. Síðan er þeim líka kennt að lesa og skrifa og tölurnar,“ segir Aron.

AB-barnahjálparamtökinn standa fyrir skólanum. Þau styrkja börn í nám út um allan heim. Í flestum tilfellum eru skólarnir á vegum heimamanna en íslenskir stuðningsaðilar styðja við börnin og svoleiðis.

„Í þessu tilfelli er þetta eini skólinn á vegum ABC sem er algjörlega stofnsettur af Íslendingum. Hann er fjármagnaður af gjafafé og því sem kemur meðal annars frá Nytjamarkaðnum á Selfossi,“ segir Aron. Umræddur forskóli var t.d. að fullu byggður með gjafafé frá Nytjamarkaðnum.

Hefur allt gengið þrátt fyrir mótlæti

Eins og fyrr sagði voru það foreldrar Arons sem komu skólanum af stað. Mamma hans var kennari og skólastjóri á Íslandi í 40 ár og pabbi hans hafði tengsl út til Burkina Faso. Þegar þau voru í kringum sextugt voru þau fengin af ABC til þess að fara út í eitt fátækasta land í heimi og koma af stað skóla. Þau voru yfirleitt úti í fimm til sjö mánuði á ári til þess að sinna verkefninu sem er að mestu leyti tilbúið núna þannig að þau afhentu öðrum verkefni fyrir ári síðan eftir að hafa verið starfandi í um 17 ár.

„Þau fóru út árið 2007. Þá var fyrir tæki sem hafði heitið ABC pening til

þess að stofna skóla í fátæku ríki þar sem var mikið ólæsi. Á þeim tíma var einmitt gríðarlegt ólæsi í Burkina Faso. Meira en 70% þjóðarinnar var ólæs. Af því að þau höfðu tengsl þarna við þetta fátæka land þá var upplagt að stofna skóla þar. Síðan kemur hrúnið og þetta fyrirtæki ætlaði að gefa 15 milljónir. Síðan fór það í hrúninu þannig að þessar 15 milljónir urðu bara 10 milljónir og við það bættist gengisfall krónunnar þannig að verðmæti gjafarinnar var á endanum mun lægra en lagt hafði verið upp með. En þau fara með þetta af stað og síðan hefur þetta bara allt einhvern veginn gengið. Með því að gefast aldrei upp, halda áfram og nýta öll sambönd sem þau höfðu þá hafa þau náð að byggja upp þennan ótrúlega skóla,“ segir Aron um foreldra sína.

Breytir lífi manns að fara í svona land

Aron hefur sjálfur farið sex sinnum út og fór síðast í nóvember með tveimur bræðrum sínum og föður. Hann segir ferðalagið langt en algjörlega þess virði til þess að heimsækja skólann, hitta starfsfólkið sem vinnur þar og sjá allt það góða sem er í gangi. „Við erum rosalega heppin með kennara. Frankvæmdastjórinn er kona sem hefur verið frá upphafi. Algjörlega 100% manneskja. Allir starfsmenn eru menntaðir heimamenn frá Burkina Faso.“

Aron segir það mjög gefandi að taka þátt í svona verkefni.

„Það breytir svolítið lífi manns að fara í svona land. Öll viðmið verða öðruvísi. Fátækt og svona skalar sem við getum bara ekki tengt við. Það er menningarsjokk fyrir marga sem fara út. Ég hef farið nokkrum sinnum með sjálfbóðaliðahópa og það er mjög framandi fyrir Íslendinga að sjá hvernig fólk lifir þarna. Oft á fólk ekki neitt. Margir búa í litlum kofa, þann-

ig að allt heimilið er í rauninni eitt herbergi og kannski margir í fjölskyldu. Þau sofa oft á þunnum plastmoppum á gólfinu og oft hefur fólk lítið að borða. Þetta er allt annar veruleiki og öll lífsgæði sem við erum alveg viss um að við þurfum nauðsynlega verða bara svolítið afstæð þegar maður kemur inn í þetta samfélag. Á sama tíma upplifir maður mikla lífsgæði, þakklæti og hlátur og það er kannski það sem hefur mest áhrif á mann, hvað þakklætið og gleðin er mikil þrátt fyrir fátæktina.“

Öll skólastig í boði fyrir börn

Aroni þykir mjög vænt um Burkina Faso-verkefnið og tenginguna sem Íslendingar eiga við það.

„Þegar ég kom fyrst á staðinn þar sem skólinn er var þar nánast ekkert. Þetta var land í útjafri borgarinnar og bændur ráku stundum beljurnar sínar þvert yfir skólasvæðið. Þegar ég kom var bara ein hálfkláruð bygging komin. Síðan hefur þetta allt byggt upp. Núna er forskóli, grunnskóli og stór framhaldsskóli. Þannig að börnin, sem eru valin fátækustu heimilum svæðisins, geta farið alveg frá forskólanum og í gegnum öll skólastigin og útskrifast úr framhaldsskóla. Auk þess eru þau börn sem klára framhaldsskólann studd áfram af Íslendingum til þess að komast í háskóla.“

Hann segir foreldra sína einnig hafa lagt áherslu á að kenna ensku í skólanum af því þannig fái þau ákveðið forskot sem opni ný tækifæri. Þau gera það meðal annars í gegnum tölvur.

„Það er maður á Akureyri sem hefur haft mikinn áhuga á starfinu og safnað saman fullt af tölvum sem hafa verið fluttar út með gámi. Það hefur verið sett upp fullkomin tölvustofa sem er líklega sú fullkonnasta í þessari borg, ef ekki bara öllu landinu í svona skóla. Skólinn er tengdur við Starlink hjá Elon Musk þannig að netið er orðið mjög gott. Það voru alltaf vandræði með netið áður.“

Aðstaða fyrir tólmstundir er líka góð. Það er handbolta-, fótbolta- og körfuboltavöllur og einnig er hægt að æfa fimleika. „Það er mjög fjölbreytt starf og þau geta valið sér íþróttir. Það er kominn skáklúbbur líka. Nýlega varð einn nemandi í skólanum í fjórða sæti á landsvísi. Síðan hafa þau staðið sig vel í handboltanum og skólaliðið farið til keppni í höfuðborginni. Það er virkilega gott starf í gangi í skólanum og það fyllir verulega á tankinn hjá manni að fara þarna út,“ segir Aron.

Að lokum vill hann þakka fyrir öll þessi 16 ár sem Nytjamarkaðurinn hefur verið starfsráktur og fólk má vita að með því að versla þar og gefa þá er það að taka þátt í fjölbreyttu hjálparstarfi og bæta lífið fyrir marga. EHV



Hressir nemendur bregða á leik.



Nemendur í forskólanum.



Skólasvæði ABC í Burkina Faso.



Lionsklúbburinn Embla afhenti Dagdvölinni Árbliki og Vinaminni gjafir

Lionsklúbburinn Embla afhenti Dagdvölinni Árbliki og Vinaminni gjafir á dögnum. Sigurbjörg Hermundsdóttir afhenti Bylgju Dögg Kristjándóttur, forstöðumanni, og Fanneyju Gunnarsdóttur, sem er aðstoðarmaður Bylgju Daggar, tvo Terabath-vaxpotta og fjóra

Beurer-fótverma með nuddi sem deilist á Dagdvölinni Árbliki og Vinaminni, dagdvöl fyrir einstaklinga með minnissjúkdóma. Sigurbjörg sagði að nú þyrfti engum að vera kalt á höndum eða fótum. Bylgja Dögg þakkaði fyrir og starfsfólk og heimilisfólk klöppuðu fyrir þessum

gjöfum. Síðan áttum við Emblur góða stund með fólkinu á Árbliki. Við nutum þess að tala við það og sjá hvað þar fer fram flott starf sem er unnið á þessum stöðum. Á þessum fallega degi voru allir svo glaðir og hlýtt í hjarta.

Styrktarsjóður Lk Emblu.



Svæðisskipulag Suðurlandis undirritað

Sigurður Ingi Jóhannsson, Innviðaráðherra, hefur staðfest Svæðisskipulag Suðurlandis 2022-2042, sem markar mikilvægt skref í skipulagsmálum og sjálfbærri þróun landsvæðisins. Með undirrituninni öðlast svæðisskipulagið lagalegt gildi og verður leiðarljós fyrir stefnumótun og framkvæmdir á svæðinu næstu ár.

Svæðisskipulagið nær yfir hálendishluta níu sveitarfélaga á Suðurlandi: Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Ásahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps. Auk þess hafa Flóahreppur og Sveitarfélagið Árborg tekið þátt í verkefninu.

Svæðisskipulagið var unnið í náinni samvinnu við ofangreind sveitarfélög, landeigendur, hagsmunaaðila og almenning. Meginmarkmið þess er að tryggja jafnvægi á milli verndunar náttúru-

úruauðlinda og aukinnar nýtingar til ferðaþjónustu, útivistar og annarrar landnýtingar.

Um er að ræða nýtt svæðisskipulag fyrir Suðurlandið en þar er m.a. mörkuð sameiginleg stefna um gerð og gæði þjóðvega, flokkun og uppbyggingu ferðaþjónustustaða og verndun landslagsheilda og sérstæðrar náttúru.

Meginmarkmið svæðisskipulagsins eru:

Sterkir innviðir: Uppbygging og viðhald innviða til að bæta aðgengi og öryggi á svæðinu.

Umhyggja fyrir auðlindum: Verndun náttúruauðlinda og trygging sjálfbærrar nýtingar þeirra.

Ábyrg nýting auðlinda: Jafnvægi milli verndunar og nýtingar til ferðaþjónustu, útivistar og annarrar landnýtingar.

Aðgerðir fyrir loftslagið: Aðlögun að loftslagsbreytingum og mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum þeirra.

Formaður svæðisskipulagsnefndarinnar Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar, segir að það sé stór áfangi í skipulagsmálum á Suðurlandi að svæðisskipulag Suðurlandis skuli hafa öðlast gildi. Þau sveitarfélög á Suðurlandi sem standa að svæðisskipulaginu unnu mjög vel saman í allri þessari vinnu og sýna það með þessu hvers megnug þau eru þegar þétt er unnið saman. Með svæðisskipulaginu eru sveitarfélög á Suðurlandi að marka sér sameiginlega stefnu varðandi skipulagsmál á hálendinu. Skipulagsmál eru einn stærsti málaflokkurinn á sveitarstjórnartiginu sem þarf að standa vörð um og því er það sérstakt fagnaðarefni að sveitarfélögin séu komin með staðfest svæðisskipulag fyrir Suðurlandið. Það er svo aldrei að vita nema næstu skref verði að marka sameiginlega stefnu með skipulagsmál á láglandinu.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

BRACN AF VINÁTTU!
BYKO Selfossi
Fæst hjá

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta
Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn
Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

ÖKULAND
Endurmenntun
atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun
Meirapróf
okuland.is

LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

**STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS**
Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun
Sími 510 1180
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Far sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstaði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is